

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Sjötti fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
05.05 2014	8:15-9:50	Skrifstofa skólustjóra, Hjalla	6
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Sigrún Bjarnadóttir	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Ragnar Gíslason, Jakob, Guðrún Embla og Birna Særós.
Mættir voru:
Allir boðaðir nema Ragnar Gíslason
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> Fundir fram á vor/sumar Starfsáætlun næsta vetrar – fyrsta umræða <ol style="list-style-type: none"> Breytingar á unglinga stigi Breytingar á yngsta stigi Verklagsreglur um viðbrögð gegn ofbeldi gagnvart börnum. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Fundir fram á vor/sumar	Næsti fundur er áætlaður 21. maí (símenntunaráætlun, starfsmannamál) 2. júní Matskýrsla lögð fram, starfsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015 kynnt og rædd. Athuga á hvort opinn fundur skólaráðs verði 2. júní jafnvel kl. 17. Niðurstöður úr könnunum kynntar. Athuga með framkvæmdir á skólalóð og viðhaldsframkvæmdir á húsnæði.
2. Starfsáætlun næsta vetrar a. Breytingar á unglingastigi.	Einar Birgir fór yfir áætlaðar breytingar á unglingastigi. Boðið verður upp á aukna valmöguleika þar sem betur verður komið til móts við styrkleika og áhugasvið hvers og eins. Í lok 8. bekkjar velji nemendur milli sviða, hugvísindasviðs og raungreinasviðs fyrir síðustu tvö árin. 9. bekkur verður með 4 klst í frjálsum vali 10. bekkur 5 klst á viku í frjálsum vali. Kom fram að nemendur eru ánægðir með klukkustundar kennslustundir.
b. Breytingar á yngsta stigi.	Breytingar eru hugsaðar á yngsta stigi varðandi 1. bekk - Dægradvöl opnar 11. ágúst fyrir varðandi 1. bekk - 6 ára krakkarnir verða ekki sett í umsjónarbekki. Skipt verður í umsjónarhópa þegar búíð er að kynnast börnunum og sjá samspil þeirra Breytingar varðandi innra skipulag. Kennarar fylgi bekkjum en sérhæfi sig í ákveðnum greinum. Markmið með þessu: - að gera kennara að frekari sérfræðingum á sviði lestrar og stærðfræðikennslu - að koma betur til móts við nemendur og gera þá hæfari námsmenn. Til að ná þessu markmiði þá þarf að efla endurmenntun kennara þar sem rík áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti í lestri og stærðfræði.
3. Verklagsreglur	Verklagsreglur um málsmeðferð ef uppkoma tilvik þar sem starfsmenn brjóta á

Álfhólsskóli

um viðbrögð gegn ofbeldi gagnvart börnum	nemendum. Sigrún skólastjóri fór yfir verklagsreglurnar hvernig ber að tilkynna brot og vinnslu máls. Stjórnsýslulög, ásakanir um kynferðisbrot, aðstoð sem skólastjóri getur fengið.
4 . Önnur mál.	Fyrirspurn varðandi sundið – hvenær hægt sé að ljúka því þ.e hvort nemendur geti lokið því fyrr en nú er. Skólinn bundinn af lögum. Hjá nemendum kom fram að þeim finnst of mikið álag núna í lok skólaársins hefði mátt dreifa álaginu. Fundir slitið kl 09:50.